

Fundarfrásögn Stjórnarfundur FÍF

Dags: 29.febrúar 2016 12:00-13:00

Staður: Bandalag Háskólamanna

Mættir: Hugrún, Ása, Friðrik, Ólafur Már, Friðrik, Kristmundur

- 1) **Skipulag næstu funda:** Stefnt verður að því að boða fasta fundi í hverjum mánuði á degi sem að hentar vel og fella niður fundi frekar en að boða of marga. Hugrún mun senda póst á alla stjórnarmeðlimi. Mánudagar virðast henta vel.
- 2) **Stjórn skiptir með sér verkum:** Skiptast verk stjórnar svona, Hugrún formaður, Kristinn Gjaldkeri, Kristmundur Ritari, Friðrik og Ása meðstjórnendur.
- 3) **Staða samninga við Sveitarfélög:** Viðræður í gangi og ágæt tilboð á borðinu. FÍF er í samfloti með hinum félögum og hefur Andri frá þjónustuskrifstofunni haldið utan um þræði allra félaga í þessum viðræðum. Verið er að greiða úr tæknilegum þáttum. Samningar hafa verið lausir síðan í september 2015 en nú er stefnt að því að semja til 2019. Starfsmat hefur verið skoðað.
- 4) **Ferð til Kaupmannahafnar og Brussel:** Starfsþróunarsetur styrkir för tveggja fulltrúa stjórnar. Formaður fer í ferðina og mun ætla Ólafur Már að skoða hvort hann komist með og svara því fljótlega en annars ætla Friðrik að ver til vara.
- 5) **Önnur mál:**
 - **Salek:** Vinnuhópar eru stofnaðir og eru viðræður í gangi. Verið er að vinna skýrslu sem stjórnarráðið og aðilar vinnumarkaðar fjármagna saman. Til stendur að þjóðfundur fari af stað um málið síðar og munu 1-2 fulltrúar frá okkur fá réttindi til að sitja þá fundi.
 - **Aðalfundur BHM:** Verður settur 19. maí nk. og mun FÍF fá 4 sæti á þeim fundi.
 - **Kjarakönnun BHM:** Er í fullum gangi og fólk hvatt til að taka þátt.
 - **Félagafjöldi:** Rætt var hvernig hægt væri að fjölga meðlimum í FÍF t.d. með því að kynna félagið fyrir starfsmannastjórnunum. Til stendur að fá samning við Reykjavíkurborg fljótlega.